

8. gr.

Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og verða má, að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn barst henni í hendur. Sé mál viðamikilið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðsla sé að vænta.

9. gr.

Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Úrskurður nefndarinnar skal vera skriflegur. Synji undanþágunefnd framhaldsskóla umsókn, skal fylgja úrskurði nefndarinnar ítarleg greinargerð þar sem fram koma þau sjónarmið sem nefndin byggir niðurstöðu sína á.

Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir skólameistara svo fljótt sem auðið er.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðabók. Nefndin skal árlega senda menntamálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

10. gr.

Undanþágunefnd og starfsmönnum hennar ber að gæta þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast yfir í starfi sínu eða í tengslum við það. Undanþágunefnd endursendir skólameistara fylgigögn með umsókn að uppkveðnum úrskurði.

11. gr.

Unnt er að skjóta ákvörðun undanþágunefndar framhaldsskóla til menntamálaráðherra. Synji undanþágunefnd umsókn, er skólameistara óheimilt að ráða þann sem sótt var um heimild til að ráða í starfið, þrátt fyrir að úrskurði nefndarinnar hafi verið skotið til ráðherra.

12. gr.

Um málsmeðferð undanþágunefndar fer að öðru leyti skv. stjórnisýslulögum.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 20. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017.

Endurprentað blað.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Arnarneshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi hluta úr sameinuðu sveitarfélagi Vestur-Húnavatnssýslu, (áður Ytri-Torfustaðahreppur), 1996-2016.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra í dag staðfest aðalskipulag Ytri-Torfustaðahrepps 1996-2016, sem nú er hluti sameinaðs sveitarfélags í Vestur-Húnavatnssýslu.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun mælt með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Austurvegur 2.

Að ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, að því er tekur til Austurvegar 2.

Breytingin felst í því að landnotkun á reit sem afmarkast af Norðurvegi, Austurvegi, Aðalstræti og húseigninni Austurvegi 2 er breytt úr verslun og þjónustu í blandaða notkun verslunar, þjónustu og opinberra bygginga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.